

Miðvikudaginn 5. júní 1968.

Nr. 91/1968. **Ákærvaldið**
 (Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn
Edwin James Marsh
 (Sveinn Snorrason hrl.)
John Thomas Brogan
 (Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
Jimmie Charles Thornton
 (Jón Finnsson hrl.)
 og
Kolbeini Sigurðssyni
 (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn valdstjórninni, sbr. 110. og 111. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Atferli ákærðu er í ákæru og héraðsdómi fært til réttra refsíákvæða.

Refsing á hendur ákærða Edwin James Marsh ákveðst fangelsi 7 mánuði, en refsing annarra ákærðu hvers um sig fangelsi 6 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærða Kolbeins Sigurðssonar frá 4. til 10. janúar 1968 þykir eiga að koma til frádráttar refsivist hans, sbr. 75. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Verjendur ákærðu, annarra en ákærða Kolbeins Sigurðssonar, hafa hafnað málsvarnarlaunum hér fyrir dómi úr hendi ákærðu.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 9.000.00. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu sæti fangelsi, Edwin James Marsh 7 mánuði, en John Thomas Brogan, Jimmie Charles Thornton og Kolbeinn Sigurðsson 6 mánuði hver um sig.

Gæzluvarðhald ákærða Kolbeins Sigurðssonar frá 4. til 10. janúar 1968 komi til frádráttar refsivist hans.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson greiði laun verjanda síns fyrir Hæsarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 9.000.00. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1968.

Ár 1968, mánudaginn 1. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakaðómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 216—219/1968: Ákærvaldið gegn Edwin James Marsh, John Thomas Brogan, Jimmie Charles Thornton og Kolbeini Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 21. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 22. febrúar 1968, höfðað á hendur:

1. Edwin James Marsh refsifanga, fæddum 2. desember 1942 í Oregonfylki, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
2. John Thomas Brogan refsifanga, fæddum 24. febrúar 1941 í Boston, Massachusettsfylki, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
3. Jimmie Charles Thornton refsifanga, fæddum 3. júlí 1941 í Alabamafylki, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og
4. Kolbeini Sigurðssyni kennara, Gnoðarvogi 86, Reykjavík, fæddum 20. apríl 1947 í Reykjavík.

I. Málið er höfðað gegn þeim Edwin James Marsh, John Thomas Brogan og Jimmie Charles Thornton fyrir að hafa í öndverðum desembermánuði 1967 sammælt um að strjúka úr klefa sínum nr. 7 í hegningarhúsinu á Skólavörðustíg, Reykjavík, með leynd hjálpað að við að saga smám saman í sundur rimla í klefa-

glugga og farið síðan allir út fimmtudagsnóttina 21. desember, ákærði Marsh heim til meðákærða Kolbeins, en ákærðu Brogan og Thornton aðeins út í fangelsisgarðinn, en allir sneru ákærðu aftur til klefa síns nokkru síðar.

Teljast brot þeirra varða við 110. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Gegn ákærða Kolbeini Sigurðssyni er málið höfðað fyrir að hafa í desembermánuði 1967 hvatt og hjálpað meðákærðu Marsh, Brogan og Thornton til að losna úr fangavistinni í hegningarhúsinu með því að lauma til þeirra járnsgarblöðum, aðstoða ákærða Marsh, meðan á útivist hans stóð umrædda fimmtudagsnótt, og með því að smíða stiga og koma honum þannig fyrir, að tiltækilegur væri fyrir meðákærðu, ef þeir vildu síðar komast yfir fangelsismúrinn.

Telst brot þetta varða við 111. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða Edwin James Marsh hljóðar svo:

1966 25/8 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1967 14/8 á Keflavíkurflugvelli: Dómur: Fangelsi í 3 mánuði fyrir brot gegn 209. gr. hegningarlaga.

Sakavottorð ákærða John Thomas Borgan hljóðar svo:

1967 31/3 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1967 14/8 á Keflavíkurflugvelli: Dómur: Fangelsi í 6 mánuði fyrir brot gegn 194. gr., sbr. 2. mgr. 22. gr. hegningarlaga.

Sakavottorð ákærða Jimmie Charles Thornton hljóðar svo:

1967 14/8 á Keflavíkurflugvelli: Dómur: Fangelsi í 15 mánuði fyrir brot gegn 194. gr. hegningarlaga.

Sakavottorð ákærða Kolbeins Sigurðssonar hljóðar svo:

1967 24/11 í Reykjavík: Dómur: Varðhald í 10 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 24. 11. 1967. (Dómur nr. 481/1967).

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 30. desember 1967 tilkynnti yfirfangavörður hegningarhússins við Skólavörðustíg hér í borg rannsóknarlögreglunni, að sagaðir hefðu verið í sundur rimlar í einum klefa-glugga hússins. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu verið

sagaðir í sundur þrír járnrimlar í klefa nr. 7 við opnanlegan glugga og við það myndast op, sem auðvelt var fyrir fullorðinn mann að komast í gegnum. Í sagarsárinu hafði verið smurt sápu-kremi, sem var eins á litinn og málningin á rimlunum. Lögreglan fann fjögur járnsgarblöð í rúmi þar í kleanum og þrjú sgar-blöð brotin í tvennt í tannburstahylki. Einnig fann lögreglan um 5½ metra langt reipi, sem fléttað hafði verið saman úr sund-urskornum teppum. Í klefa nr. 7 voru á þessum tíma þrír Bandaríkjamenn, ákærðu Edwin James Marsh, John Thomas Brogan og Jimmie Charles Thornton, allir að afplána refsivistardóma, ákærði Marsh þriggja mánaða dóm, ákærði Brogan sex mánaða dóm og ákærði Thornton fimmtán mánaða dóm. Síðar fann lög-reglan einnig stiga uppi á þaki útisalernis, sem byggt er fast við vegg hegningarhússins. Var stigi þessi samsettur þannig, að í annan endann voru boruð göt fyrir bolta og því unnt að skrífa hann saman, og varð hann þá um 10 feta langur.

Ákærði Edwin James Marsh hefur skýrt svo frá við yfir-heyrlur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann hafi í desembermánuði 1967 verið í klefa nr. 7 í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg ásamt meðákærðu Brogan og Thornton. Hann kvaðst hafa haft hug á að brjótast út úr fangelsinu og flýja land, talið meðákærða Kolbein á að færa sér járnsgarblöð, reyndar undir því yfirskini, að þau væru ætluð til viðarvinnu, en þess í stað hefðu þeir klefafélagarnir hjálpað að við að saga sundur rimla fyrir glugganum með sgarblöðunum. Þegar leið hafði opnast til undankomu, fóru þeir allir klukkan um 0100 að nóttu til út í fangelsisgarðinn, meðákærðu Brogan og Thornton sneru þó aftur við til klefa síns, en ákærði Marsh kvaðst hafa farið yfir fangamúrinn með hjálp reipis, sem þeir félagar hefðu hnýtt saman úr teppi. Hélt hann heim til meðákærða Kolbeins, sem keypti fyrir hann flösku af víni, en síðan fóru þeir að hegningar-húsinu, þar sem ákærði Marsh komst yfir vegginn með aðstoð meðákærða Kolbeins og skreið inn í klefa sinn að nýju. Ákærði Marsh kvaðst að mestu hafa drukkið áfengið sjálfur, en þó gefið klefanautum sínum lítillega að dreypa á því. Ákærði Marsh viðurkenndi tvívegis í yfirheyrlum hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði beðið meðákærða Kolbein að smíða fyrir sig stiga til að auðvelda honum för yfir fangamúrinn, en á dómþingi hinn 29. febrúar s.l. synjaði hann fyrir þessa beiðni og hélt fast við þann framburð, þótt honum væru kynntir gagnstæðir framburðir hjá rannsóknarlögreglu. Ákærði kvaðst hafa verið látinn laus úr

hegningarhúsinu um s.l. áramót, en verið handtekinn aftur innan sólarhrings og þá verið látinn ljúka afplánun refsíðis síns. Á dómþingi hinn 29. febrúar s.l. var ákærða bönnuð brottför af varnarsvæðum Keflavíkurflugvallar og sú ákvörðun birt honum samstundis í dóminum að viðstöddum fulltrúa frá bandaríska varnarliðinu og Hilmarí Foss, löggiltum dómtúlki. Hinn 4. marz s.l. tilkynnti Björn Ingvarsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, dóminum, að ákærði Marsh hefði horfið úr landi með flugvél þá um morguninn í blóra við nefnd fyrirsmæli og í banni varnarliðsins.

Ákærði John Thomas Brogan skýrði svo frá, að hann hefði verið í klefa með meðákærðu Marsh og Thornton. Ræddu þeir um að komast út, og aflaði ákærði Marsh járnsgarblaða í því skyni. Ákærði Brogan kvað meðákærða Kolbein hafa komið með sgarblöðin til ákærða Marsh og hefðu þau verið innpökkuð í myndablöð. Fljótlega eftir að þeir fengu sgarblöðin í hendur, sagði ákærði Brogan, að þeir klefafélagarnir hefðu hafið að saga sundur rimlana fyrir glugganum og allir að því unnið í um vikutíma frá klukkan um 2300 til morguns, en nýtt raksápu til að hylja sárin. Taldi ákærði Brogan, að þeir hefðu lokið verkinu um viku fyrir jól og þá allir farið út um gatið sömu nóttina, þeir meðákærði Thornton gengið um fangelsisgarðinn stundarkorn og síðan farið inn í klefann aftur, en ákærði Marsh hins vegar klifrað yfir vegginn klukkan um 0100 og ekki komið aftur í klefann fyrr en klukkan um 0600. Var hann þá með áfengisflösku í fórum sínum, gaf klefafélögum sínum aðeins að bragða á víninu, en drakk það að mestu einn. Ákærði Brogan sagði, að þeir félagarnir hefðu unnið að því til skiptis að flétta kaðal þann, sem í klefanum fannst. Framanritað er byggt á frásögn ákærða Brogan hjá rannsóknarlögreglu. Með vísan til ákvæðis 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961 neitaði hann að svara spurningum fyrir dómi, staðfesti þó skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu rétta með þeim athugasemdum, að það hefði einkum verið hann, sem sögunina annaðist, en þeir meðákærðu Marsh og Thornton aðallega talað um flóttann, sem og að hann gæti ekki staðfest, að meðákærði Kolbeinn hefði komið með sgarblöðin, en þau hefðu komið í kassa, sem ákærði Marsh kvað meðákærða Kolbein hafa komið með.

Ákærði Jimmie Charles Thornton skýrði rannsóknarlögreglu þannig frá, að ákærði Kolbeinn hefði komið með sgarblöðin til þeirra félaga og afhent meðákærða Marsh þau, er hann kom í

heimsókn til hans um tveim vikum fyrir jól. Fóru þeir þá þegar að saga sundur járnrimlana fyrir glugganum, og tók verkið nokkrar nætur. Ákærði Thornton kvað þá meðákærða Brogan einasta hafa farið út í garðinn, en meðákærða Marsh yfir vegginn og hefði hann verið á brott í um fimm klukkustundir, komið með hálfa flösku af áfengi til baka, gefið þeim félögum sínum lítils háttar að dreypa á víninu, en drukkið mest af því sjálfur. Ákærði Thornton sagði, að þetta hefði verið í eina skiptið, sem þeir hefðu farið út úr kleanum. Með vísan til 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961 neitaði ákærði Thornton að svara spurningum fyrir dómi, en staðfesti skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu rétta með þeirri breytingu, að hann hefði ekki sjálfur séð meðákærða Kolbein afhenda meðákærða Marsh járnsgarblöðin, en ákærði Marsh hefði nefnt meðákærða Kolbein í sambandi við öflun þeirra.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson hefur fyrir dómi játað að hafa tvívegis í desembermánuði síðastliðnum með leynd komið nokkrum járnsgarblöðum til meðákærða Marsh. Hann kvaðst haf verið nákunnugur meðákærða Marsh í mörg ár, komið að heimsækja hann í hegningarhúsið og hann þá beðið sig að afla sagnarblaða til viðarvinnu. Ákærði Kolbeinn kvaðst hafa fært meðákærða Marsh pakka með ýmsum varningi og smeygt tveim járnsgarblöðum milli bylgju og ytra byrðis. Þegar hann kom með kassann, hefði fangavörður spurt, hvað í honum væri, ákærði Kolbeinn verið á hraðri ferð og því sagt fangaverði að skoða í hann. Ákærði Marsh bað meðákærða Kolbein um fleiri sagnarblöð, og fékk hann þrjú járnsgarblöð í viðbót afhent í heimsóknartíma, en ákærða Kolbeini kvaðst ekki hafa komið til hugar, að blöð þessi yrðu notuð til að saga sundur rimla fangelsins með árangri. Ákærði Kolbeinn sagði, að meðákærði Marsh hefði komið heim til hans nótt eina og sagzt hafa sagað sig út úr fangelsinu. Ákærði Kolbeinn kvaðst hafa bent honum á, hversu hættulegt þetta gæti verið, þar sem hann væri að fá náðun á dómi sínum og auðvelt væri að rekja feril sagnarblaðanna til hans. Aflaði ákærði Kolbeinn strokufanganum einnar flösku af áfengi, sem hann drakk nokkuð af, taldi hann síðan á að koma með sér að hegningarhúsinu og hjálpaði honum þar til að klífa vegginn. Ákærði Kolbeinn sagði, að meðákærði Marsh hefði nokkru síðar beðið sig um að smíða fyrir sig stiga, þannig að hann ætti auðveldara með að komast inn í hegningarhúsið. Varð hann við beiðninni og kom stiganum fyrir í næstu grennd. Ákærði Kolbeinn tók fram, að framanritað

hefði hann eingöngu gert í vináttuskyni, en engan hagnað haft í huga, og er ekkert fram komið í málinu, sem hnekkir þeim framburði hans. Ákærði Kolbeinn neitaði fyrst í stað að tjá sig um málsatvik bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, og sat hann í gæzluvarðhaldi vegna máls þessa frá 3.—10. janúar 1968.

Vitnið Valdimar Guðmundsson, yfirfangavörður við hegningarhúsið, Sigtúni 27 hér í borg, kvað fangaverði ekki hafa orðið vara við sagarhljóð í Hegningarhúsinu né vitað um för refsifanga út um glugga klefa nr. 7. Við skoðun klefans laugardaginn 30. desember 1967 kvaðst vitnið hafa tekið eftir lítils háttar mismíði á rimlunum, komið að raun um, að þeir voru sundur sagadír, en sápu smurt yfir sagarförin, og lét vitnið rannsóknarlögregluna vita um þetta þegar í stað. Vitnið kvað ákærða Kolbein í desembermánuði s.l. hafa komið með pappakassa til meðákærða Marsh. Vitnið spurði ákærða Kolbein, hvað í pakkanum væri, og svaraði ákærði því til, að hann væri að flýta sér og vitnið gæti sjálft hugað að því. Vitnið kvaðst hafa leitað í pakkanum á venjulegan hátt, en ekkert fundið óeðlilegt í honum. Vitnið sagði, að ákærða Marsh hefði verið sleppt úr hegningarhúsinu að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins hinn 30. desember s.l., en komið þangað aftur hinn 1. janúar og þá lokið við að taka út refsingu samkvæmt dómi sínum.

Með eigin játningum hinna ákærðu og að öðru leyti með vísan til gagna málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, telst nægilega sannað, að þeir hafi gerzt sekir um háttsemi þá, sem í ákæru er rakin og þar rétt færð til refsíákvæða. Með hliðsjón af því, að ákærðu Marsh, Brogan og Thornton sneru allir af sjálfsdáðum aftur til klefa síns, en þeir tveir, sem enn eru hér á landi, fóru aldrei út fyrir lóð hegningarhússins, þykir mega ákveða, að ákvörðun refsingar þeirra skuli fresta, og hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlag nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Refsing ákærða Kolbeins þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði, en eftir atvikum og með tilliti til þess, að hann hefur eigi áður orðið sekur um hegningarlagabrot, þykir mega ákveða, að refsingu hans skuli fresta, og hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, enda haldi hann almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi

ákærða Marsh, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða Brogan, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi ákærða Thornton, hafa afsalað sér málsvarnarlaunum.

Dæma ber ákærða Kolbein Sigurðsson til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 8.000.00, en allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, greiðist af hinum ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Fresta skal ákvörðun um refsingu ákærðu Edwins James Marsh, John Thomas Brogan og Jimmie Charles Thornton, og fellur refsíákvörðun niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson sæti fangelsi 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Kolbeinn Sigurðsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, greiði hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.